

hinum skipaða talsmanni stefnda Oddi yfirréttarmála-
flutningsmanni Gíslasyni 20 krónur úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1912.

Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni fyrir
hönd Landsbankans
og Jóni Magnússyni
bæjarfógeta.

D ó m u r :

Veturinn 1908 brann húsið nr. 17 við Laugaveg
hér í bænum, eign Jóhannesar Kr. Jóhannessonar tré-
smiðs — hann er í málsskjölnum ýmist nefndur Jóhann
eða Jóhannes, en hið síðara virðist réttara. Vátryggingar-
féð fyrir húseigninni, kr. 4539,42, lagði hann 5. febr.
1909 inn í Landsbankasparisjóðsbók nr. 14076, og fekk
bankastjórnin sparisjóðsbókina í sínar vörzlur til frekar
tryggingar lánnum þeim, er á húseigninni hvíldu til bank-
ans. Eftir brunann reisti Jóhannes nýtt hús á eigninni
og fekk til þess lán hjá h/f »Völundi« gegn veði í hús-
eigninni, en áður en húsið var fullgjört, lét hlutafélagið
11. febr. 1909, að undangenginni réttarsætt milli hans og
Jóhannesar 8. s. m., gjöra fjárnám í eigninni og bruna-

bótafé eldra hússins, kr. 4500,00, fyrir skuld Jóhannesar, kr. 10883,58 með vöxtum, og keypti hana síðan á nauðungaruppboði 19. marz 1909 fyrir kr. 13200,00. Samkvæmt uppboðsskilmálunum skyldi kaupandi greiða eða taka að sér greiðslu á veðskuldum á eigninni, að því er uppboðsverð hrykki til, og í afsalsbréfi, dags. 30. s. m., er því lýst yfir, að «Völundur» hafi fullnægt uppboðsskilmálunum í öllum greinum. En áður en sala þessi fór fram, hafði stjórn Landsbankans dagana 4. og 5. s. m. tekið brunabótaféð, að fráteknum kr. 40,50, sem áður höfðu verið greiddar af því eftir ráðstöfun Jóhannesar, úr sparisjóðsbókinni til lúkningar 1. og 2. veðrétti, er á eigninni hvíldu til bankans, og gerði bankastjórnin þetta, án þess að bera það áður undir Jóhannes eða fá samþykki hans til þess. Þessa ráðstöfun bankastjórnarinnar á brunabótafénu taldi hann heimildarlaus og ólöglega og kærði hana út af því til sáttanefndar, en sættir komust eigi á, og var málinu ekki framhaldið frekar. En með skjali, dags. 30. apríl f. á., framseldi Jóhannes áfryjanda þessa máls, Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni, til fullrar eignar og umráða nefnda sparisjóðsbók nr. 14076 við sparisjóðsdeild Landsbankans með innstæðu kr. 4539,42 auk vaxta frá því í febrúar 1909, og samkvæmt þessu framsali höfðaði nefndur málaflutningsmaður mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur hinum stefndu, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum fyrir hönd Landsbankans, til afhendingar á sparisjóðsbókinni með innstæðu og vöxtum eða greiðslu á innstæðunni með vöxtum. Var málið dæmt í nefndum rétti 1. ágúst f. á. og stefndu sýknaðir, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. okt. f. á., og krafist þess, að honum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, en þar hélt hann því fram, að stefndu yrðu dæmdir til að framselja sér Landsbankasparisjóðsbók nr. 14076 með innstæðu, kr. 4539,42 að frádregnum fyrgreindum kr. 40,50 = kr. 4498,92, eða aðra sparisjóðsbók með jafnhárrí innstæðu með 4% vöxtum frá 5. febr. 1909 til 14. maí f. á. og þar eftir með 6% ársvöxtum til borgunardags og greiða sér 2000 kr. í skaðabætur fyrir ólögmaett hald á peningum áfrýjanda; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins. Ennfremur hefir áfrýjandi stefnt héraðsdómaranum, Jóni Magnússyni, til sekta og skaðabótaábyrgðar fyrir meðferð málsins og uppkveðinn dóm.

Af hálfu bankastjórnanna er þess krafist, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, og er því haldið fram til stuðnings þessum kröfum, að hið umþráttaða brunabótafé hafi eftir samráði við Jóhannes Kr. Jóhannesson verið lagt í sparisjóð Landsbankans og bankanum fengin sparisjóðsbókin að handveði; hafi það verið tilætlunin, að féð gengi til innlausnar 1. og 2. veðrétti, sem bankinn átti í hinni brunnu húseign og komnir voru í eindaga, og hafi því verið full heimild fyrir ráðstöfun bankastjórnarinnar á fé þessu. En samhliða þessu líta stefndu svo á, að h/f. »Völundur« hafi á uppboðinu 19. marz 1909 eignast brunabótaféð, svo að heimilt hafi verið að skoða fyrgreinda ráðstöfun á því sem greiðslu frá hlutfélaginu á veðskuldunum til

bankans, er það tók að sér við kaupin. Og hvað sem þessu liður, hafi Jóhannes Kr. Jóhannesson ekkert tilkall átt til þess, að brunabótaféð væri honum greitt, með því að húseignin hafi verið veðsett fyrir miklu hærri upphæð en brunabótaféð og uppboðsverð hússins samanlagt nam, svo að báðar þessar fjárhæðir hefðu orðið að ganga til lúkningar veðskuldunum, það sem þær náðu, en Jóhannes ekki haft neinn rétt til að raðstafa heim.

Að h/f. Völundur hafi eignast brunabótaféð á uppboðinu 19. marz 1909 er bygt á því einu, að félagið lét, eins og fyr er sagt, gera fjárnám í því um leið og í húseigninni 11. febr. s. á., en við framhald þeirrar aðfarar er eigi minst á þetta fé, þess að engu getið, hvorki í uppboðsgjörð né uppboðsskilmálum, og verður þá eigi ætlað, að »Völundur« hafi orðið eigandi þess, hvorki við uppboðið né á annan hátt, enda hafði bankastjórnin þá tekið það til lúkningar 1. og 2. veðrétti bankans í eigninni. Það er nú að vísu eigi heimild til að gera ráð fyrir því, eins og gert er í bæjarþingsdómnum, að Jóhannes hafi þegjandi samþykkt þessa ráðstöfun bankastjórnarinnar, og hana virðist hafa brostið formlega heimild til þess umsvifalaust að verja fénu, sem var eign Jóhannesar, á umgetinn hátt. En hins vegar var þessi eign hans eigi óbundin, þar sem bankinn hafði fengið hana að handveði til frekari tryggingar veðrétti sínum í húseigninni nr. 17 við Laugaveg, og hf. »Völundur« hafði með fjárnámi 11. febr. 1909 fengið lögveð (útlegg) í fénu næst á eftir varaveði bankans í því. Í rauninni átti hf. »Völundur« eftir uppboðið á húseigninni 19. marz 1909, samkvæmt skilmálum þess uppboðs, að greiða bankanum út veðskuldir hans á 1. og 2. veðrétti, og

hefði þá varatrygging bankans í brunabótafénu fallið burtu og Völundur einn átt veðrétt í því. En bankastjórnin var þegar, áður en uppboðið fór fram, eða 4. og 5. marz, eins og áður er sagt, búin að taka til sín brunabótaféð upp í nefndar veðskuldir sínar, og virðist svo hafa verið litið á, bæði af Völundi og af uppboðsráðanda, er hann gaf út uppboðsafsalið 30. s. m., með viðurkenningu um að Völundur hefði fullnægt að öllu leyti uppboðsskilmálunum, þar á meðal skyldu sinni að borga bankanum út 1. og 2. veðrétt, sem bankinn hafði tekið sem greiðslu frá Völundi af brunabótafénu, borgun þessara veðskulda, er Völundur átti að greiða honum af uppboðsandvirðinu, enda gerði það engan mun hvernig greiðslan færi fram að þessu leyti, þar sem Völundur, sem fjárnámshafi, átti lögveð í brunabótafénu að loknum bankaskuldunum, og hafði því, eins og komið var, fullan rétt til að samþykja töku bankans á því. Með því að bankinn hefir ekki með þessu móti fengið meira upp í veðskuldir sínar en hann átti heimting á að fá sem veðhafi í húseigninni nr. 17 á Laugavegi og hf. Völundur sem veðhafi í brunabótafénu verður að teljast hafa samþykkt eftir á töku bankans á fénu upp í 1. og 2. veðrétt, er hann (Völundur) var annars skyldur að greiða af hendi, verður ekki álitid að Jóhannes Kr. Jóhannesson hafi átt neina kröfu á hendur bankanum fyrir töku brunabótafjárins, eða til þess að fá framselda sér oft nefnda sparisjóðsbók, og gat hann þá ekki heldur framselt öðrum neinn rétt í því efni. Eftir þessu verður að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda í þessu máli, og með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og bæjarþingsdómurinn og felst á málskostnaðarákvæði hans, má

staðfesta dóm þenna. En málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Hinn stefndi héraðsdómari hefir krafist sýknunar af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar hjá honum, og með því að áfrýjandi hefir engar gildar ástæður fært fyrir kröfum sínum, verður að dæma héraðsdómarann sýknan af þeim og skylda áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Héraðsdómariinn, Jón Magnússon bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Einars M. Jónassonar í þessu máli, og ber áfrýjanda að greiða honum 20 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.

24. febr. nr. 3/1912.

Jakob Jónsson
 gegn
 Helgu Sigurðardóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar hin stefnda, stúlkan Helga Sigurðardóttir á Seyðis-